

Gjaldskrá á gámasvæði útskýrð

Fimmtudaginn 15.febrúar næstkomandi hefst gjaldtaka á gámasvæði Eyjafjarðarsveitar. Gjaldskráin hefur þegar tekið gildi en gjaldheimta mun hefjast á svæðinu í upphafi nóvember næstkomandi. Innleiðing gjaldtökunnar er eitt af þeim skrefum sem sveitarfélagið þarf að taka til að uppfylla ný lög um meðhöndlun úrgangs sem samþykkt voru í mars 2023.

Með því að skilja gjaldskrána vel og **mæta á gámasvæðið með vel flokkaðan farm** má forðast gjaldtöku að miklu leiti. Til þess að aðilar geti komist hjá miklum kostnaði þegar á gámasvæðið er komið er því mikilvægt að undirbúa sig vel en óheimilt verður að mæta á svæðið og ætla sér að flokka upp úr óflokkuðum farmi af kerrum á staðnum.

Gjaldskráin er byggð upp á fjórum megin þáttum: flokki, greiðanda (einstaklingur eða fyrirtæki), magni sem hent er og verði per rúmmetra.

Flokkur	Einstaklingar		Fyrirtæki	
	Allt að 2m ³ Hver 0,25m ³	Umfram 2m ³ Hver 0,25m ³	Allt að 2m ³ Hver 0,25m ³	Umfram 2m ³ Hver 0,25m ³
Gler og postulín				
Rúðugler (steinefni frá framkvæmdum)	2.000 kr	4.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Postlín (steinefni frá framkvæmdum)	Gjaldfrjálst	4.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Gler (steinefni frá daglegum heimilisrekstri)	Gjaldfrjálst	2.000 kr	2.000 kr	4.000 kr

Ef skoðaður er flokkurinn „Gler og postulín“ þá kemur fram í rauðu letri hér að ofan „Allt að 2m³“ og undir þeim texta stendur „Hver 0,25m³“.

Þetta þýðir að mæti einstaklingur með rúðugler á gámasvæðið þá greiðir hann fyrir það 2.000kr fyrir hvern 0,25 rúmmetra af rúðugleri.

Kostnaður við að koma með einn rúmmetra af rúðugleri er því $1 \times 4 \times 2.000kr. = 8.000kr.$

Sé einstaklingur hinsvegar með Postulín þá greiðir viðkomandi ekkert fyrir allt að 2 rúmmetrum. Viðkomandi greiðir síðan 4.000kr fyrir hvern 0,25 rúmmetra af postulíni sem fara umfram 2 rúmmetruna.

Kostnaður við að koma með einn rúmmetra af postulíni er því enginn. Kostnaður við tvo rúmmetra er enginn.

Kostnaður við að koma með þrjú rúmmetra af postulíni í einu er hinsvegar $1 \times 4 \times 4.000kr. = 16.000kr.$

Hér eru tvö dæmi um einstaklinga sem mæta á svæðið:

1.

Einstaklingur mætir á svæðið og hefur samviskusamlega flokkað á kerru. Viðkomandi mætir með fjóra vandlega skilgreinda flokka í eftirfarandi magni:

2 rúmmetra af endurvinnanlegum plastumbúðum

1 rúmmetra af ómáluðu timbri

2 rúmmetra af máluðu/óhreinu/bólstruðu timbri

1 rúmmetra af blönduðum úrgangi að heiman

Fyrir þetta greiðir viðkomandi eftirfarandi:

Endurvinnanlegar plastumbúðir = 2 rúmmetrar x 4 x 0kr = 0kr.

Húsgögn bólstruð = 1 rúmmetrar x 4 x 0kr = 0kr.

Ómálað timbur = 1 rúmmetrar x 4 x 2.000kr = 8.000kr.

Málað timbur = 2 rúmmetrar x 4 x 3.000kr = 24.000kr.

Blandaður úrgangur að heiman = 1 rúmmetrar x 4 x 2.000kr = 8.000kr.

Samtals kostar ferðin 40.000kr.

2.

Einstaklingur mætir á svæðið með nákvæmlega sama magn af sömu flokkum en hefur ekki gefið sér tíma til að flokka samviskusamlega áður en mætt er á svæðið.

Flokkast þá allt sem blandaður úrgangur og dæmið reiknast svo.

Blandaður úrgangur að heiman = 8 rúmmetrar

Fyrir þetta greiðir viðkomandi eftirfarandi verð

Blandaður úrgangur 2 rúmmetrar x 4 x 2.000kr = 16.000kr.

Blandaður úrgangur 6 rúmmetrar x 4 x 4.000kr = 96.000kr.

Samtals kostar ferðin því 112.000kr.

Sá sem flokkaði því áður en hann mætti á staðinn sparaði sér umtalsverðar upphæðir og hefur líklega geta reiknað sér nokkuð gott tímakaup við það að flokka samviskusamlega á kerruna.

Vert er að benda á að dæmin hér að ofan eru sett fram til þess að sýna fram á hversu mikilvægt það getur verið fyrir fjárhag heimilis og fyrirtækja að flokka almennilega áður en mætt er á gámasvæðið.

Þannig má í mörgum tilfellum nánast koma alveg í veg fyrir að lenda í gjaldtöku með flestan almennan rekstur heimilisins á gámasvæðinu sé vel flokkað.

Tveir rúmmetrar af endurvinnanlegu plasti og einn rúmmetri af bólstruðum húsgögnum eru því ekki lagðir saman í gjaldskránni til að mynda gjaldtöku á þriðja rúmmetranum. Með því að flokka samviskusamlega er því mögulegt að koma með magn langt umfram 2 rúmmetra í einu á gámasvæðið án þess að lenda í því að þurfa að greiða fyrir það svo fremur sem að það sé í gjaldfrjálsum flokkum.

Hér að neðan er gjaldskráin til upprifjunar og eru allir hvattir til að kynna sér hana vel svo mögulegt sé að mæta vel undirbúinn á gámasvæðið í næstu ferðum.

Gjaldskráin og nánari upplýsingar um flokkana munu berast á öll heimili í sveitarfélaginu samhliða auglýsingapóstinum á næstu vikum. Þá er einnig verið að uppfæra upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins með öllum helstu upplýsingum.

Gjaldskrá

Flokkur	Einstaklingar		Fyrirtæki	
	Allt að 2m ³ Hver 0,25m ³	Umfram 2m ³ Hver 0,25m ³	Allt að 2m ³ Hver 0,25m ³	Umfram 2m ³ Hver 0,25m ³
Gler og postulín				
Rúðugler (steinefni frá framkvæmdum)	2.000 kr	4.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Postlín (steinefni frá framkvæmdum)	Gjaldfrjálst	4.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Gler (steinefni frá daglegum heimilisrekstri)	Gjaldfrjálst	2.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Byggingaúrgangur				
Húsgögn úr ómáluðu timbri	Gjaldfrjálst	2.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Húsgögn bólstrúð, dýnur o.þ.h.	Gjaldfrjálst	2.000 kr	3.000 kr	6.000 kr
Steypa/möl og sandur (steiniefni frá framkvæmdum)	Gjaldfrjálst	3.000 kr	3.000 kr	6.000 kr
Hreinlætistæki/flísar	2.000 kr	4.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Ómálað timbur frá framkvæmdum	2.000 kr	4.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Málað timbur frá framkvæmdum	3.000 kr	6.000 kr	3.000 kr	6.400 kr
Gifs og gifsplötur	2.000 kr	4.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Raf- og rafeindatæki				
Kælitæki	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Raftæki stór og smá	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Áhættuúrgangur				
Ljósaperur	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Spilliefni	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Rafgeymar	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Rafhlöður	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Plast og gúmmí				
Lituð plastfilma (plastumbúðir og annað palst)	Gjaldfrjálst	2.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Plastumbúðir (plastumbúðir og annað plast)	Gjaldfrjálst	2.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Hjólbarðar	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	4.000 kr
Hart plast (plastumbúðir og annað plast)	Gjaldfrjálst	2.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Frauðplast	Gjaldfrjálst	2.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Málmar				
Málmar	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Málmumbúðir	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Blandaður úrgangur				
Pressanlegur úrgangur frá daglegum heimilisrekstri	2.000 kr	4.000 kr		
Pressanlegur úrgangur frá daglegum rekstri			3.000 kr	6.000 kr
Pressanlegur úrgangur frá framkvæmdum	3.000 kr	6.000 kr	3.000 kr	6.000 kr
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	3.000 kr	6.000 kr	3.000 kr	6.000 kr